



Reykjavík, 25. nóvember 2021
SFS2020060260
221. fundur
HG/sp/sv/kg

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Flokks fólksins varðandi fjárhagslegan ávinning af breytingum á skólastarfi í norðanverðum Grafarvogi

Á 186. fundi skóla- og frístundaráðs, 23. júní 2020, lagði skóla- og frístundaráðsfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hver er fjárhagslegur ávinningur við sameiningu skóla í norðanverðum Grafarvogi þegar upp er staðið. Ljóst er að viðamiklar breytingar fylgja sameiningunni, innri sem ytri og sem eru kostnaðarsamar. Ekki er hægt að leggja fjárhagslegt mat á huglæga þætti eins og tilfinningar og upplifun íbúa/foreldra sem gátu af ýmsum ástæðum ekki sætt sig við þessa breytingu og hafa e.t.v. ekki enn gert og munu jafnvel aldrei gera. Fulltrúi Flokks fólksins spyr þess vegna hvort þetta borgaði sig fjárhagslega fyrir borgina að fara í þessar breytingar? Í svari er þess vænst að kostnaðartölur fylgi með sem varpa ljósi á kostnað nauðsynlegra breytinga sem gera þarf í kjölfar sameiningarinnar.

Svar:

Skýrsla starfshóps um breytingar á skólastarfi í norðanverðum Grafarvogi var lögð fram í júní 2019. Í henni kemur m.a. fram varðandi vinnuna:

- *Hagsmunir barna og unglunga eru í forgrunni við tillögugerðina.*
- *Lögð er áhersla á að verði breytingar gerðar á skóla- og frístundastarfi í norðanverðum Grafarvogi, muni þær standa til lengri tíma og alls ekki skemur en áratug eða þeim tíma sem samsvarar heilli grunnskólagöngu.*
- *Tölulegra upplýsinga um íbúaþróun og þróun nemendafjölda var aflað.*
- *Kannaðar voru faglegar forsendur fyrir tillögum starfshópsins.*

Við tillögugerðina lagði starfshópurinn áherslu á að vera trúr þeim sjónarmiðum að hafa hagsmuni barna og unglunga í forgrunni en gæta um leið sanngirni og vera málefnalegur gagnvart öllum sjónarmiðum sem komið hafa fram.

Það er því mikilvægt að taka fram að ekki var einungis horft til fjárhagslegra sjónarmiða þegar farið var af stað í breytingar á skóla- og frístundastarfi í norðanverðum Grafarvogi heldur ekki síður til faglegs skóla- og frístundastarfs og mikilvægra hagsmuna nemenda um að fá notið skapandi og öflugrar menntunar og þátttöku í frístundastarfi.

Á meðfylgjandi yfirliti má sjá þann fjárhagslega ávinning sem varð við breytingarnar.

	Verkefni	Samtals árið 2020			Athugasemdir
		Laun	Ö.gjöld	Samtals	
M001	Almennt	25.532	103.749	129.281	2,74 stg almennra starfsmanna - 1,17 stg ræsting - 1 stg baðvarsla
M002	Stjórnun	11.300	0	11.300	Aðstoðarskólástjóri
M002	Kennsla	23.058	0	23.058	Grunnur 2,7 stg kennara fara út.
M009	Mötuneyti	2.320		2.320	40% stöðugildi matráðar
M020	Sérkennsla	1.528	0	1.528	25% stöðugildi stuðningsfulltrúa
M030	Íþróttamannviki	0	575	575	Hiti og rafmagnskostnaður íþróttamannviki
		63.738	104.324	168.062	Heildarsparnaður við lokun Korpuskóla árið 2020

Önnur gjöld		
Nemendatengd gjöld		1.882
Rafmagn		6.407
Hiti		3.375
Fermetratengd gjöld		796
Rúmmetratengd gjöld		724
Innri húsaleiga		90.565
Hiti og rafm íþróttamannv.		575
Samtals		104.324

Varðandi þær framkvæmdir sem gerðar voru í skólunum var tekin ákvörðun um að setja 35 milljónir króna í breytingar og endurbætur í skólunum þremur í anda breyttra kennsluhátta.